

# Framkvæmdavöktun við Hrannarstíg og Öldugötu

*Greinargerð*



JÓHANNA VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2023

FS958-23381

---



©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Vefsíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202309-0134

Þjóðminjasafnsnúmer: 2023-74

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: Ekki er til fornleifaskráning yfir þetta svæði, en sjá þó Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir. 1994. *Byggingarsaga Landakotsreit og nágrennis*. Skýrslur Árbæjarsafns XLII.

Tilgangur: Framkvæmdavöktun vegna endurnýjunar lagna og niðurgraftar fyrir djúpgáma

Tegund: Framkvæmdavakt


Staðsetning: Gatnamót Hrannarstígs og Öldugötu, 101 Reykjavík

GPS hnit (ISN93): 356.497 408.479

Rannsóknartími: 5.10.2023-13.10.2023

Leyfishafi: Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 1



## Samantekt


Þann 21. september 2023 höfðu forsvarsmenn Veitna samand við Fornleifastofnun Íslands í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir við á gatnamótum Hrannarstígs og Öldugötu þar sem til stóð að grafa fyrir djúpgámum annars vegar og hins vegar að skipta út rörum á nokkrum frárennislögnum meðfram gatnamótunum og upp Öldugötu. Minjastofnun Íslands hafði farið fram á að framkvæmdirnar yrðu vaktaðar af fornleifafræðingi.<sup>1</sup> Framkvæmdavaktin var staðin í fyrri hluta október 2023.

Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands sá um vöktun og skýrslugerð undir leiðsögn Hildar Gestsdóttur og Elínar Hreiðarsdóttur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Jóhönnu/Fornleifastofnun Íslands nema annað sé tekið fram.

Ekki hefur farið fram eiginleg fornleifaskráning á þessu svæði, en í skýrslu um byggingarsögu Landakotsreit kemur fram að hús Stýrimannaskólans sem enn stendur við Öldugötu 23, rétt austan við framkvæmdasvæðið, hafi verið reist árið 1889 af Suðuramtinu sem skólahús.<sup>2</sup>

Á herforingjaráðskorti Dana af Reykjavík frá árinu 1902<sup>3</sup> má sjá merkt tvö lítil

hús (sjá mynd 1), líklegast einhvers konar útihús eða aðstöðuhús tengd Stýrimannaskólanum,



Mynd 1: Hús af sögulegum kortum sett inn á Reykjavíkurkort. Kortagerð, Anna Lís Guðmundsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>1</sup> Henný Hafsteinsdóttir, 2022.

<sup>2</sup> Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir. 1994, án bls.

<sup>3</sup> Herforingjaráðskort, Reykjavík. 1903



að rétt norðvestan við skólahúsið, þar sem í dag er norðausturendi Hrannarstígs við gatnamót Öldugötu. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi hús hafa þjónað.



Mynd 2. Kort af rannsóknarsvæðinu. Svarta brotalínan sýnir framkvæmdasvæðið (kort fengið frá Veitum)

Gröftur fyrir djúpgámum hófst þann 5. október. Svæðið var um 4 x 9 m stórt, við norðaustur enda Hrannarstígs. Grafið á 2,5 m dýpi, niður á klöpp. Í skurðinum var mikið af lögnum og við gröftinn kom í ljós að búið var að jarðvegsskipta að fullu á svæðinu. Ofarlega í yngri fyllingu í vestursniði fannst svolítið af steinkolum en þau voru í hreyfðu lagi enda fyllingin öll eftir yngri jarðvegsskipti. Voru þetta einu merki mannvistar í skurðinum og ekki ýkja gömul, heldur frá þeim tíma sem skipt var um jarðveg á svæðinu.



*Mynd 3: Framkvæmdasvæði eftir að búíð var að fjarlægja malbik og mókstur hafinn. Horft til norðvesturs.*



*Mynd 4: Mynd af framkvæmdasvæði þegar greftri var að mestu lokið, horft til vesturs.*





Mynd 6: Mynd tekin þegar búið var að grafa frá frárennislögnum, horft í norðaustur.



Mynd 5: Mynd eftir að greftri í kringum frárennislagnir er lokið, horft í norður.

Þann 9. október var farið grafa niður til þess að skipta út fráveitulögnum í Öldugötu sjálfri. Þar var aðeins grafið um 1 m niður og aðeins þar sem átti að skipta um lagnir, þ.e. frá ristinni sjálfri og í u.þ.b. 1-1,5m í norður út frá henni. Engar mannvistarleifar komu í ljós við þá framkvæmd, og alls staðar var um jarðvegsskipt efni að ræða.

Dagana 11.-12. október var fyllt aftur upp í holurnar og djúpgámunum komið fyrir. Í kjölfarið var haldinn fundur með verkkaupum og Sigurði Bergsteinssyni frá Minjastofnun Íslands og vöktun á svæðinu aflétt. Niðurstaða eftirlitsins var því sú að áður en framkvæmdir hófust hefði þegar verið búið að skipta um jarðveg á öllu því svæði sem grafið og því engar mannvistarleifar varðveittar.

## Heimildir

Henný Hafsteinsdóttir. 2022. Bréf frá Hennýju Hafsteinsdóttur, minjaverði Reykjavíkur og nágrennis til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Dagsett 31. maí 2022: MÍ202205-0107.

Herforingjaráðskort, Reykjavík. 1903. Sótt af:

<https://islandskort.is/map/1136#?c=0&m=0&s=0&cv=0&r=0&xywh=2581%2C1375%2C4940%2C2090> 30.10.2023.

Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir. 1994. *Byggingarsaga Landakotsreit og nágrennis*. Skýrslur Árbæjarsafns XLII.



## Viðauki

### Ljósmyndaskrá

Heiti myndar	Myndefni	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning
IMG_2203	Vinnumynd - Búið að taka malbik af þar sem djúpgámar eiga að fara	NVV	JVG	5/10/2023
IMG_2204	Vinnumynd - Búið að taka malbik af þar sem djúpgámar eiga að fara	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2205	Vinnumynd - Búið að taka malbik af þar sem djúpgámar eiga að fara	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2206	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2207	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2208	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2209	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NNV	JVG	5/10/2023
IMG_2210	Vinnumynd - rafmagnsstrengir	-	JVG	5/10/2023
IMG_2211	Vinnumynd - rafmagnsstrengir (nærmynd)	-	JVG	5/10/2023
IMG_2212	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2213	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SSV	JVG	5/10/2023
IMG_2214	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	S	JVG	5/10/2023
IMG_2215	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	S	JVG	5/10/2023
IMG_2216	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum, A-snið	-	JVG	5/10/2023
IMG_2217	Vinnumynd - nærmynd af sniði þar sem djúpgámar fara	SVV	JVG	5/10/2023
IMG_2218	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2219	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2220	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2221	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2227	Vinnumynd - búið að grafa niður á klöpp norðan til í skurðinum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2228	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	NV	JVG	5/10/2023
IMG_2229	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	S	JVG	5/10/2023
IMG_2230	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SSA	JVG	5/10/2023
IMG_2231	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SSA	JVG	5/10/2023
IMG_2232	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SA	JVG	5/10/2023
IMG_2243	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2244	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	SVV	JVG	5/10/2023
IMG_2245	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2246	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2247	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2248	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2249	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2250	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2251	Vinnumynd - nærmynd af vestursniði þar sem steinkolin fundust	V	JVG	5/10/2023
IMG_2252	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SV	JVG	5/10/2023
IMG_2253	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	SV	JVG	5/10/2023
IMG_2254	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023

Heiti myndar	Myndefni	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning
IMG_2255	Vinnumynd - verið að grafa fyrir djúpgámum	V	JVG	5/10/2023
IMG_2260	Vinnumynd - steinkol	V	JVG	5/10/2023
IMG_2309	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2310	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2311	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	SAA	JVG	9/10/2023
IMG_2312	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2313	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	NAA	JVG	9/10/2023
IMG_2314	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2315	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2316	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2317	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	SA	JVG	9/10/2023
IMG_2318	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	SA	JVG	9/10/2023
IMG_2321	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	SSA	JVG	9/10/2023
IMG_2322	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2323	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2324	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2325	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2326	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	A	JVG	9/10/2023
IMG_2327	Vinnumynd - áður en grafið var frá frárennslilögnum á Öldugötu	NA	JVG	9/10/2023
IMG_2328	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	NA	JVG	9/10/2023
IMG_2329	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	NA	JVG	9/10/2023
IMG_2330	Vinnumynd - verið að grafa frá frárennslilögnum á Öldugötu	NA	JVG	9/10/2023
IMG_2333	Vinnumynd - áður en síðustu holur/skurðir eru grafnir á Öldugötu	A	JVG	10/10/2023
IMG_2334	Vinnumynd - áður en síðustu holur/skurðir eru grafnir á Öldugötu	A	JVG	10/10/2023
IMG_2335	Vinnumynd - áður en síðustu holur/skurðir eru grafnir á Öldugötu	NA	JVG	10/10/2023
IMG_2336	Vinnumynd - áður en síðustu holur/skurðir eru grafnir á Öldugötu	NV	JVG	10/10/2023
IMG_2337	Vinnumynd - eftir að grafið hefur verið frá lögnum á Öldugötu	N	JVG	10/10/2023
IMG_2338	Vinnumynd - verið að skipta út lögnum á frárennslilögnum	SSV	JVG	10/10/2023
IMG_2339	Vinnumynd - verið að skipta út lögnum á frárennslilögnum	SSV	JVG	10/10/2023
IMG_2351	Vinnumynd - verið að skipta út lögnum á frárennslilögnum	N	JVG	10/10/2023
IMG_2352	Vinnumynd - verið að skipta út lögnum á frárennslilögnum	NA	JVG	10/10/2023
IMG_2364	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	NA	JVG	12/10/2023
IMG_2365	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	SA	JVG	12/10/2023
IMG_2366	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	NVV	JVG	12/10/2023
IMG_2367	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	A	JVG	12/10/2023
IMG_2368	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	SA	JVG	12/10/2023
IMG_2369	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	SA	JVG	12/10/2023
IMG_2370	Vinnumynd - skurðum lokað og verið að koma fyrir djúpgámum	SVV	JVG	12/10/2023